

Mætt voru; Börkur skólastjóri, Inga aðstoðarskólastjóri, Ingólfur fulltrúi foreldra, Sigurlína og Arnheiður fulltrúar kennara, Katrín Agla og Mist fulltrúar nemenda.

Til umfjöllunar skóladagatal næsta vetrar sem þegar hefur verið samþykkt með starfsfólki skólans. Samþykkt af skólaráði.

Einnig var starsfáætlun næsta árs til umfjöllunar. Samþykkt með fyrirvara af skólaráði.

Tillögum um að Hagaskóli verði safnskóli fyrir 7. – 10. bekk hefur verið vísað heim í hérað og er fyrirhugað að stofnaður verði starfshópur til að fjalla um málið og skila af sér í haust.

Ekki er enn ljóst hvar tilraun verður gerð um samþættingu skóla- og frístundarstarfs í vetur, málin eiga að skýrast á næstu dögum.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði til leikskólanna liggja enn ekki endanlega fyrir.

Börkur sagði stuttlega frá fyrirhuguðum breytingum í starfsmannamálum.

Minnst á vorhátíð og síðustu skóladaga.

Fyrirhugað að halda einn fund í ráðinu í júní.

Fundi slitið

Inga Sigurðardóttir.